

Ísland ljóstengt

Samningur um aukaúthlutun á árinu 2020
til uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli

Dalabyggð

1. gr.
Samningsaðilar

Samningsaðilar;

Fjarskiptasjóður
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík
Kt: 530306-0110

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Dalabyggð
Kt: 510694-2019

hér eftir nefndir annars vegar „fjarskiptasjóður“ og hins vegar „sveitarfélag“, gera með sér samning þennan um styrkveitingu vegna uppbyggingar ljósleiðarakerfis í sveitarfélaginu.

2. gr.
Efni og markmið samnings

Stjórnvöld vilja stuðla að ljósleiðaravæðingu landsins, sbr stefnu stjórnvalda um fjarskipti. Í þeim tilgangi styrkir fjarskiptasjóður sveitarfélagið til að byggja ljósleiðarakerfi, hér eftir einnig kallað „verkefnið“. Ljósleiðarakerfið sem byggt verður skal vera hannað fyrir opinn aðgang. Lögð skal áhersla á framtíðarvirkni ljósleiðarakerfisins, að það verði byggt til að endast í tugi ára og verði tilbúið fyrir framtíðarþróun sem felur í sér áframhaldandi vaxandi eftirspurn eftir auknum gagnaflutningshraða og flutningsgetu.

Aðild opinberra innviðafyrirtækja er ákjósanleg sé þess kostur bæði til að tryggja uppbyggingu ljósleiðarastofnnetts fyrir ómissandi innviði og til að dreifa kostnaði á fleiri aðila gegn því að tekið verði tillit til þeirra þarfa. Sveitarfélagið mun stuðla að aðild opinberra innviðafyrirtækja að verkefninu í þessum tilgangi.

Samningur þessi byggir á þingsályktun um sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak, nr. 28/150 frá 30. mars 2020. Skilyrði fyrir fjárfrahlögum samkvæmt þingsályktuninni er að verkefni skuli hefjast eigi síðar en 1. september 2020 og skuli vera lokið eigi síðar en 1. apríl 2021.

3. gr.
Samningsgögn

Eftirtalin gögn eru hluti þessa samnings. Komi upp misræmi milli gagna, skulu þau sem fyrr eru talin ganga framár.

1. Samningur þessi.
2. Skilmálar styrkúthlutunar til uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli á árinu 2020.
3. Umsókn sveitarfélagsins um styrkinn ásamt svörum við fyrirspurnum fjarskiptasjóðs vegna umsóknar.

4. gr.
Forræði og ábyrgð

Verkefnið sem samningurinn nær til er á forræði og ábyrgð sveitarfélagsins. Það ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum samningum við undirverktaka og verkum þeirra og samstarfsaðila og auk þess tjóni er sveitarfélagið eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess. Fjarskiptasjóður ber enga ábyrgð á tjóni sem sveitarfélagið eða aðrir kunna að verða fyrir í tengslum við verkefnið. Sveitarfélagið ber ábyrgð á því að öllum lögum og reglum sem um slík verkefni gilda verði fylgt þar með talið um veitingu opinberra styrkja til samstarfsaðila þess, ef um það er að ræða, um verðlagningu þjónustu og um opin fjarskiptanet.

Sveitarfélagið hefur yfirumsjón með verkefninu svo sem fjármögnun, hönnun, efniskaupum og jarðvinnu, framvindu þess og að verk- og tímaáætlun verði fylgt. Sveitarfélagið kynnir verkefnið fyrir íbúum og öðrum með aðsetur eða atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu, sér um að afla skuldbindinga um þátttöku frá íbúum/húseigendum eftir því sem við á og hefur með öll leyfismál að gera.

Fjarskiptasjóður er ábyrgðar- og framkvæmdaraðili verkefnisins fyrir hönd ríkisins og greiðandi styrksins. Sjóðurinn hefur umsjón með almennu fyrirkomulagi þess ásamt eftirliti með árangri. Fjarskiptasjóður verður hvorki eigandi ljósleiðarakerfisins né kemur að rekstri þess að neinu leyti.

5. gr.
Tengdir staðir

Sveitarfélag útbýr eins nákvæman staðalista eins og kostur er, það er lista yfir staði sem til stendur að bjóða upp á að tengjast við ljósleiðarakerfið. Fylgja skal formi sem Póst- og fjarskiptastofnun útbýr og heldur utan um. Styrkhæfir staðir á listanum þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Þar er heimili þar sem íbúi (eða íbúar) er skráður með lögheimili og hefur þar heilsársbúsetu. Miða á við lögheimili eins og þau eru skráð 1. desember 2019 eða síðar.
- Þar er fyrirtæki með heilsársstarfsemi og viðveru í viðkomandi húsi eða íbúð.
- Kirkjur, veiðihús, félagsheimili o.s.frv. enda sé þar heilsársstarfsemi þótt hún sé mismikil eftir árstímum.
- Fjarskiptastaðir og veitumannvirki.
- Staðir í dreifbýli í sveitarfélaginu, þar sem er hvorki nú í boði né staðfest áform markaðsaðila um að bjóða upp á 100Mb/s eða stærri þráðbundna NGA tengingu.

Tengja má eitt hús (fasteign) eða heimili á hverjum stað samkvæmt staðalista. Fjarskiptasjóður áskilur sér rétt til að sannreyna staðalista. Sveitarfélagi er heimilt að tengja hvaða mannvirki sem er, sem hluta af byggingu ljósleiðarakerfisins, þótt styrkveiting sem samningur þessi nær til sé aðeins vegna staða sem uppfylla framangreind skilyrði. Þeir staðir sem styrktir eru samkvæmt samningi þessum geta ekki hlotið aukinn styrk síðar.

Verkefnið felur í sér að tengja tiltekna staði við ljósleiðarakerfi fyrir 1.4.2021, í samræmi við gildistíma samningsins. Sveitarfélagi er heimilt að tengja fleiri staði á tímabilinu sem og að breyta þeim stöðum sem tengdir verða svo fremi sem þeir uppfylla skilyrði um styrkhæfa staði. Slík breyting eða fjölgun staða leiðir þó ekki til hærri styrks.

6. gr.
Tæknileg útfærsla kerfis

Styrkur skal renna til greiðslu upphafskostnaðar vegna nýframkvæmdar við hjávirkan (e. passive) varanlegan hluta ljósleiðarakerfisins. Styrk má ekki nýta til greiðslu kostnaðar vegna virks fjarskiptabúnaðar sem þarf til að veita þjónustu yfir ljósleiðarakerfið. Styrk má ekki nýta til reksturs ljósleiðarakerfisins sem byggt verður. Styrk má heldur ekki nýta að neinu leyti sem endurgreiðslu fyrir ljósleiðarakerfishluta sem þegar eru til staðar.

Við framkvæmd verkefnisins mun sveitarfélagið sjá til þess að það verði unnið á hagkvæmasta mögulega máta án þess þó að draga úr gæðakröfum. Sveitarfélagið mun í þessum tilgangi meðal annars eftir því sem við á:

- Nýta hagkvæma samlegð með öðrum framkvæmdum sveitarfélagsins eða annarra aðila, til nýbyggingar og áframhaldandi uppbyggingar fyrirbyggjandi kerfa og til að leggja ljósleiðararör eða ljósleiðarastrengi með endurnýjun eða uppbyggingu annarra veitna.
- Nýta fjárfestingar í ljósleiðarakerfum sem eftir er að ljúka enda sé slíkt hagkvæmt.
- Nýta styrkinn til að leggja ídráttarrör fyrir ljósleiðara með öðrum veitufamkvæmdum til að nýta samleiðina á hagkvæman hátt enda fylgi því skuldbinding um að ljósleiðari verði jafnframt dreginn í og tengdur.
- Nýta styrkinn til að leggja ljósleiðarastrengi á hagkvæman hátt í þegar lögð ídráttarrör svo fremi sem strengurinn liggir frá tengimiðstöð inn fyrir útvegg í húsi notanda.

Hönnun ljósleiðarakerfisins, eða fyrirhuguð hönnun, þarf að ná til allra staða í dreifbýli í sveitarfélaginu þó að framkvæmd á gildistíma þessa samnings nái aðeins til hluta sveitarfélagsins. Hönnun ljósleiðarakerfisins skal vera þannig að það verði byggt til framtíðar og með tilliti til órrar þróunar í samskipta- og fjarskiptatækni sem innifelur meðal annars að:

- Hönnun ljósleiðarakerfisins á að vera samkvæmt viðmiðum um næstu kynslóð þráðbundinna aðgangsneta (NGA - Next Generation Access network).
- Ljósleiðarakerfið verður með ríflegum fjölda ljósleiðaraþræða þannig að tryggt verði að allir styrkhæfir staðir sem þess óska hafi aðgang að heilum óskiptum ljósleiðurum milli staðar og símsstöðvar eða viðeigandi tengimiðstöðvar. Nýta má fyrirbyggjandi fjarskiptainviði leiði það til hagkvæmari uppbyggingar og reksturs þó þeir uppfylli ekki framangreint.
- Ljósleiðarakerfið skal byggt þannig að það verði tengjanlegt við stofnnet fjarskipta um landið. Það nái því til tengistaðar fjarskipta þar sem fánleg er öflug baknetstenging.

Sveitarfélagið skal hafa samráð við fjarskiptasjóð um endanlegt leiðaval og hönnun meðal annars til að tryggja samræmingu milli sveitarfélaga og landssvæða sem og vegna hagsmuna opinberra aðila.

413

**7. gr.
Samningstími**

Samningurinn tekur gildi við undirritun og gildir til 1.4.2021.

**8. gr.
Greiðslur**

Fjárhæð styrksins er 8.700.000 kr.

Fjárhæð styrks er óháð því hvað verkið kostar í heild sinni. Þannig breytist fjárhæð styrksins ekki þótt verkið verði dýrara en sveitarfélagið áætlaði í umsókn sinni um styrk. Fjárhæð verðbætist ekki. Fjarskiptasjóður greiðir styrkinn með eftirfarandi hætti inn á bankareikning í eigu sveitarfélagsins.

1. 80% greiðast innan 10 virkra daga frá staðfestingu samnings fjarskiptasjóðs við sveitarfélag.
2. 20% í kjölfar yfirferðar og samþykkis sjóðsins á lokaskýrslu um verkið, sbr. eftirfarandi:

Í lokaskýrslu um verkið skal koma fram lokauppgjör samningsins sem tekur mið af stöðu verkefnisins, þ.e. fjölda tengdra staða 31.3.2021. Í lokaskýrslu skal einnig koma fram samantekt um verkið sem skal innihalda m.a. lýsingu á ljósleiðarakerfinu ásamt hnitsettum lista, á formi sem PFS leggur til og sér um, yfir þá staði sem tengdir voru og lýsingu á fyrirkomulagi eignarhalds og rekstrar og framkvæmd verkefnisins. Í skýrslunni skal vera mat á því hve mörg störf urðu til við framkvæmd þess, hvernig störfin skiptust milli kynja, lýsing á útbóðs- eða úthlutunarferli, mat á arðbærni verkefnisins og áhrifum.

**9. gr.
Samskipti á samningstíma**

Aðilar skipa hvor fyrir sig fulltrúa sinn til að annast samskipti við gagnaðila á samningstímanum. Hlutverk þeirra verður meðal annars að hafa eftirlit með því að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samningsins, yfirfara útfærslur og hönnun ljósleiðarakerfisins, yfirfara frávik og breytingar á verkefninu og annast almenn upplýsingaskipti á samningstíma.

Tengiliður fjarskiptasjóðs: Ottó V. Winther, otto.winther@srn.is
Tengiliður sveitarfélags: Kristján Sturluson, sveitarstjori@dalir.is

Sveitarfélag ráðstafar styrknum með þeim hætti sem best hentar til uppbyggingar ljósleiðarakerfis í sveitarfélaginu, með uppbyggingu eigin ljósleiðarakerfis eða felur öðrum uppbyggingu og rekstur kerfisins að hluta eða í heild. Sveitarfélagi er þannig heimilt að fá til verkefnisins samstarfsaðila og/eða fá aðra til að sjá um verkefnið að einhverju eða öllu leyti. Skyldur sveitarfélagsins gagnvart fjarskiptasjóði breytast ekki við slíkt framsal. Sveitarfélagi ber þó að gæta að þeim kröfum sem gerðar eru til veitingar opinbers fjár.

Komi til þess að sveitarfélag selji ljósleiðarakerfið innan 10 ára frá styrkveitingu fyrir jafnháa eða hærri upphæð en sem nemur bókfærðum byggingarkostnaði, framreiknuðum til söludags samkvæmt byggingarvísitölu, þá skal það endurgreiða fjarskiptasjóði veittan styrk. Ef söluverð er lægra en nemur sama byggingarkostnaði þá skal á sama máta endurgreiða fjárhæð sem jafngildir hlutfalli styrks fjarskiptasjóðs í byggingarkostnaðinum. Gildir þetta óháð því hvort sveitarfélagið á kerfið að hluta eða öllu leyti beint eða óbeint í gegnum félag sem það á eitt eða með öðrum og selji hluti sinn í ljósleiðarakerfinu eða selji hlut sinn í félagi sem á ljósleiðarakerfið.

**11. gr.
Vanefndir og uppsögn**

Efni samningsaðili ekki samninginn þá getur gagnaðili sagt samningnum upp með 30 daga fyrirvara. Áður en til uppsagnar kemur skal sá aðili sem telur að gagnaðili sé ekki að efna samninginn tilkynna gagnaðila um það með sannanlegum skriflegum hætti og gefa gagnaðila allt að 20 daga frest til úrbóta. Sveitarfélagið getur hvenær sem er sagt samninginum upp. Geri sveitarfélagið það þá skal það samtímis endurgreiða fjarskiptasjóði þegar greiddan styrk. Segi fjarskiptasjóður samningnum upp vegna vanefndar sveitarfélagsins þá skal sveitarfélag endurgreiða þegar greiddan styrk.

**12. gr.
Ágreiningsmál**

Komi upp ágreiningur milli samningsaðila um skilning á samningnum þá skulu aðilar hvor um sig tilnefna einn aðila, sem í sameiningu skulu leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi. Fáist ekki úrlausn ágreiningamála og eða öðrum málum sem kunna að rísa vegna verkefnisins sem samningur þessi nær til, skal vísa ágreiningnum til Héraðsdóms Reykjavíkur.

**13. gr.
Frumrit samnings**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila.

Reykjavík, 12. júní 2020

F.h. fjarskiptasjóðs



Haraldur Benediktsson, varaformaður

F.h. Dalabyggðar



Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Staðfesting ráðherra



